

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2008-2020 vegna Ljósafosslaugar.

Skipulagsstofnun staðfesti þann 6. október 2014 breytingu á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps, sem samþykkt var í sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps þann 7. maí 2014.

Í tillögunni er gert ráð fyrir að landnotkun á lóð Ljósafosslaugar (hluti af þjónustusvæði Þ11) verði breytt úr stofnanasvæði í íbúðarsvæði.

Málsmeðferð var samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsstofnun, 6. október 2014.

F.h. forstjóra,

Guðrún Halla Gunnarsdóttir.

Ottó Björgvin Óskarsson.